spykist líka viss um, að heftuð þér ekki
verið eins önnum kafinn, eins og þér
~~þér~~ hafið ávalt verið með ritstörf, síðan
eg þekti yður fyrir 20 árum, þá vær-
uð þér ekki heldur erðinn eins þreyttur
og uppslitinn, eins og mér finnst og
skilst á þessu síðasta bréfi yður að þér
séuð, þér getið varla heldur vænzt
annars ~~med~~ jafn misskunartausri
áreynslu. En þökkum drottni, þér og
eg, að enn er góð von um, að þér
endist leingi, ef þér farið ofurlítið
guðlegar með yður, en hingað til, þáder
ekki nóg að þér gefið yður nokkurra
vikna hvíld á sumrin, þér ættuð að
gefa yður eins eða tveggja tíma hvíld á
hverjum degi, þá treindist alt betur.
Þér munuð vera nálægt minum aldri,
eg verð sextugur 12 ~~ágúst~~ nœstkom